

# Fundargerð 380. fundar

## stjórnar Hafnasambands Íslands

Árið 2015, mánudaginn 14. desember kl. 14:00 kom stjórn Hafnasambands Íslands saman til fundar á Geirsgötu 7.

Fundinn sátu: Gísli Gíslason, Guðný Sverrisdóttir, Már Sveinbjörnsson, Steinþór Pétursson, Ólafur Þór Snorrason og Ásta Björg Pálmadóttir. Guðmundur M. Kristjánsson boðaði forföll.

Að auki sat fundinn: Valur Rafn Halldórsson fundarritari.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

### 1. Stjórnarfundir Hafnasambands Íslands 2015 - 1501031HA

Lögð fram til staðfestingar fundargerð 379. fundar frá 16. nóvember sl.

*Fundargerðin samþykkt og staðfest með undirskrift stjórnarmanna.*

### 2. Sameiginlegt útboð á rafmagni til hafnasjóða - 1511002HA

Lagt fram erindi frá Grindavíkurhöfn, dags. 19. nóvember 2015, þar sem velt er upp þeim möguleika að hafnasambandið standi fyrir sameiginlegu útboði á rafmagnsmálum hafnasjóða.

*Stjórn Hafnasambands Íslands telur ekki raunhæft að fara í sameiginlegt útboð á rafmagni fyrir allar hafnir landsins. Stjórn telur samt sem áður mikilvægt að það kerfi sem raforkufyrirtækin notast við í dag þurfi að skoða. Starfsmanni falið að láta vinna úttekt á sölukerfum raforkufyrirtækja þar sem viðskiptakjör og fleira verði skoðað.*

### 3. Framlög til hafnarframkvæmda í fjárlögum 2016 - 1510150HA

Lagt fram að nýju minnisblað um framlög til hafnarframkvæmda í fjárlögum sem og upplýsingar um nefndarálit um frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2016 frá meirihluta fjárlaganefndar.

*Til kynningar.*

### 4. Kynning á starfsemi hafna - 1509035HA

Lagðar fram upplýsingar frá hafnasjóðum um þau verkefni sem þeir koma að og tengjast kynningu á starfsemi hafna.

*Starfsmanni falið að vinna málið áfram.*

## 5. Hafnasambandsþing 2016 - 1509037HA

Lögð fram drög að dagskrá hafnasambandsþings 2016.

*Starfsmanni falið að vinna málið áfram.*

Í lok fundar óskaður formaður stjórnarmönnum og starfsmanni hafnasambandsins gleðilegrar jólahátíðar

Fundi var slitið kl. 15:50

---

Gísli Gíslason

---

Guðný Sverrisdóttir

---

Már Sveinbjörnsson

---

Steinþór Pétursson

---

Ólafur Þór Snorrason

---

Ásta Björg Pálmadóttir

---

Valur Rafn Halldórsson